

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Garðabær, 29. október 2025
202509-0124/p.V.B.
10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum -rannsóknarholur við Undirhlíð

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 18. september 2025, um leyfi til framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. lið a. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Forðast ber að raska jarðminjum sem taldar eru upp í 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir borun á tveimur rannsóknarholum við Undirhlíðar í Hafnarfirði, en rannsóknarsvæðið er innan Reykjanesfólkvangs. Auk borunar rannsóknarholanna felur fyrirhuguð framkvæmd í sér lagfæringu á aðkomu að rannsóknarsvæðinu og uppsetningu borplana. Tilgangurinn með borun og prófun rannsóknarborholanna er vatnafarsrannsókn, sem miðar að því að meta framtíðar vatnsöflunarmöguleika fyrir Hafnarfjörð. Aflað verður upplýsinga um vatnafræði og jarðfræði svæðisins með það að markmiði að veita betri innsýn í eiginleika grunnvatnskerfisins og þá hvort svæðið við Undirhlíðar sé hentug staðsetning til vatnsöflunar til framtíðar. Með umsókn fylgdu með kort sem sýna aðkomuleiðir, staðsetningu borplana, lýsing á framkvæmd og mat á áhrifum vatnafarsrannsóknarinnar á vatnshlot. Sett yrðu upp tvö 15x20 m borplön við borstaðina. Borplönin yrðu staðsett á tiltölulega sléttu, mosavöxnu hrauni. Aðkoma að borsvæðinu yrði eftir tæplega 3 km leið um núverandi línuveg í suðurjaðri námunnar í Undirhlíðum og þaðan um 300 metra eftir slóða út á hraunið að rannsóknarsvæðinu. Slóðin frá línuveginum er um 3 metra breiður en til að tryggja að hann geti borið þung tæki með borbúnaði þyrfti að breikka hann í 4 metra og þykkja um 0,2 metra með vegfyllingu ofan á hraunið. Áður en til þess kemur þarf að hreinsa burt allt lífrænt efni af núverandi slóða, sem verður tekið til hliðar og notað í frágang. Á einum stað um 20 m frá línuveginum er lægð í núverandi slóða sem þyrfti að fylla upp í með vegfyllingu og jafna þannig hæðina í vegslóðanum fyrir borverktakann. Framkvæmd hefur verið jarðgrunnskönnun með jarðsjá, allt frá Bláfjallavegi að fyrirhuguðum borplönum. Almennt er jarðgrunnur í vegstæði talinn traustur en sneitt verður hjá veikleikum á tveimur stöðum. Áætluð dýpt fyrri borholunnar (U-03) yrði 50-70 metrar. Tilgangur hennar yrði að kanna gerð jarðlaga og dýpi á grunnvatni. Dýpt seinni borholunnar (U-04?) er áætluð 40 metrar. Til stendur að framkvæma dæluprófun á henni. Neysluvatn úr vatnsveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar verður notað við borun, alls um 2-3.000 l/dag á meðan borun stendur. Við boranir

verður ekki notuð borleðja en þess í stað loft, vatn og örlítið af borsápu eða um 50-70 lítrar ef allt gengur vel. Glussi á jarðbor væri 120 lítrar, dísel-tankur á jarðbor væri 260 lítrar og dísel-tankur á loftpressu væri 350 lítrar. Notaðir verða um 350 lítrar af olíu á dag og verður fyllt á olíutank bors á borstað með viðurkenndum 400 lítra tvöföldum flutningstanki eftir þörfum og því engin olía geymd á sjálfum borstaðnum. Borsvarfi og skolvatni verður safnað í 7 m³ tank þar sem borsvarf fellur til botns en vatn fer um yfirfall aftur til jarðar, um 60-70 m frá borstað þar sem það verður losað í sprungu á yfirborði. Vatni úr dæluprófi verður veitt um bráðabirgðaræsi í áætlaða stefnu grunnvatnsstraums, skamman spöl í nærliggjandi lægð í landinu. Þar er gert ráð fyrir að uppdælt vatn hripi aftur niður í jarðlög og valdi ekki skaða á umhverfinu. Í kjölfar dæluprófs verða borholurnar notaðar í langtíma vöktun grunnvatnsborðs. Áætlaður framkvæmdartími, það er lagfæring á vegslóða, borun holanna og dæluprófun yrði um þrír mánuðir frá útgáfu allra leyfa.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að framkvæmdir vegna verkefnisins geti haft neikvæð áhrif á ásýnd, náttúrufar og verndargildi svæðisins en hægt sé að draga úr áhrifunum sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Akstursleiðir sem liggja að borholustöðunum liggja að mestu um áður raskað svæði. Mikilvægt er að vandað sé til verka sérstaklega þegar kemur að borplönunum sem verða á óröskuðu svæði. Stofnunin telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar við borplönin ef farið er eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Hafnarfjarðarbær fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki og undirverktökum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í algjörlágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Mannvirki skulu falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Við frágang á sárum í gróðurþekju og jöðrum borplana og vega skal notast við staðargróður.
- Huga skal sérstaklega að því hvernig hagræða megja uppsetningu búnaðar vegna framkvæmdarinnar með það að markmiði að halda stærð borplana í lágmarki.
- Útfæra skal borplön með þeim hætti að hægt verði að ganga frá borplönunum að framkvæmd lokinni með þeim hætt að yfirborð þeirra verði áþekkt aðliggjandi svæði.

- Umsækjanda ber að tryggja viðhald borhola/plana og slóða og ef notkun þeirra er hætt skulu þau afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson

sviðstjóri

René Biasone

svæðissérfræðingur